

**13. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
5. maí 2015 og hófst hann kl. 17:30**

**Fundinn sátu:**

Ingpór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Kristinn Pétursson, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Jón Allansson forstöðumaður Byggðasafnsins í Görðum.

**Fundargerð ritaði:** Ingpór Bergmann Þórhallsson, formaður.

**Fyrir tekið:**

**1. 1409232 - Garðakaffi - rekstur**

Jón Allansson forstöðumaður Byggðasafnsins mætir á fundinn.

*Menningar- og safnanefnd lýsir ánægju sinni með aðkomu nýrra rekstraraðila að rekstri Garðakaffis í Safnaskálanum í Görðum. Nefndin felur forstöðumanni Byggðasafnsins í Görðum að ganga til samninga þar sem fyrri samningar eru hafðir að leiðarljósi.*

**2. 1504129 - Bókasafn - ársskýrsla 2014 (söfn á Dalbraut 1)**

Ársskýrslur Bókasafns Akraness, Héraðsskjalasafns Akraness og Ljósmyndasafns Akraness fyrir árið 2014.

*Ársskýrslur fyrir árið 2014 lagðar fram til kynningar.*

**3. 1503237 - Sjómannadagurinn 2015**

*Menningar- og safnanefnd óskar eftir 200 þúsund króna viðbótarframlagi vegna sjómannadagsins, en framkvæmd hátíðahaldanna verða í samstarfi við Björgunarfélag Akraness.*

**4. 1503232 - Styrkir vegna menningar-, íþróttá- og atvinnumála 2015**

Styrkir til menningar-, íþróttá- og atvinnumála lagðar fram til umsagnar hjá menningar- og safnanefnd.

*Málinu frestað.*

**5. 1503045 - Menningar- og safnanefnd - stefnumörkun til 5 ára**

*Málin rædd.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:40.**

Jón Allansson

Ingpór B. Þórhallsson  
Guðmundur Claxton  
Guðríður Sigurjónsdóttir  
Kristinn P.

Jónella Sigurjónsdóttir